



Akraneskaupstaður

Varðandi: **Deiliskipulag Breiðasvæði, Hafnarbraut 3**

Málsnúmer: **1504140**

Dagsetning: **06.05.2015**

TILLAGA:

Bæjarstjórn samþykkir að grenndarkynna deiliskipulagið samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Grenndarkynna á fyrir eigendum húsa við Suðurgötu 10, 16, 17, og 18, eigendum húsa við Háteig 10, 12, 14 og 16.

Útskýring:

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að setja nýjan búnað (eimsvala) á þak Hafnarbrautar 3. Stærð ca 13x7 metrar og hæð ca 3 metrar. Fyrir liggur að sambærilegur búnaður var settur árið 1996. Ekki var sótt um byggingarleyfi vegna hans á sínum tíma sem þó hefði þurft samkvæmt lögfræðiálditi frá Landslögum. Ennfremur liggur fyrir að núverandi búnaður uppfyllir ekki hljóðkröfur.

Í vinnslu hefur verið vinnsla á deiliskipulagsbreytingu fyrir þrjár aðskildar breytingar á Breiðasvæðinu. **Breiðagata 8b**, stækkan Laugafisks, **Suðurgata 7** og götustæði, byggt milli húsa **og Hafnarbraut 3**, bæta við hæð þar sem núverandi eimsvali er. Það skipulag hefur hinsvegar ekki farið í auglýsingu. Vinna við skipulagið hefur tafist m.a. vegna stækkunaráforma Laugafisks.

Vegna ofangreinds hefur verið talið rétt að fara í sér skipulagsvinnu vegna Hafnarbrautar 3, vegna ofangreinds eimsvala. Ef það skiplagsferli nær fram að ganga mun nýr eimsvali sem uppfyllir hljóðkröfur verða komin með fullgilt byggingarleyfi áður en hann verður settur upp.

Hildur Bjarnadóttir

Skipulags- og byggingarfulltrúi